

Alþingi

Erindi nr. p 120,924
komudagur 5 13 1996

Reykjavík, 29. febrúar 1996.

Fr. Sólveig Pétursdóttir,
formaður allsherjarnefndar.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur, sbr. bréf allsherjarnefndar frá 4. desember sl., fjallað um frumvarp til laga um tæknifrjógungun, 154. mál. Fékk nefndin á sinn fund til viðræðna um málið Vilhjálm Árnason frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Þórð Óskarsson, lækni á glasafrjógungunardeild Landspítala, Þórhildi Líndal, umboðsmann barna, og Dögg Pálsdóttur er sæti átti í nefnd þeirri sem samdi frumvarpið.

Í frumvarpinu eru settar fram reglur um tæknifrjógungun, bæði tæknisæðingu og glasafrjógungun, og er nefndin sammála um nauðsyn þess að reglur verði settar um þetta efni. Heilbrigðis- og trygginganefnd mælir því með samþykki frumvarpsins en bendir þó jafnframt sérstaklega á eftirfarandi atriði:

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram sú regla að heilbrigðisstarfsfólki sé skylt að tryggja kynfrumugjafa nafnleynd. Nokkur umræða spannst um þetta ákvæði í nefndinni og voru skoðanir nefndarmanna skiptar. Ljóst er að taka þarf mið af mörgum atriðum þegar metið er hvort gjafa skuli tryggð nafnleynd eða ekki. Ber þar fyrst að nefna hagsmuni barnsins, en skv. 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem Ísland er aðili að, á hvert barn rétt til að þekkja foreldra sína eftir því sem unnt er. Einnig má benda á hættuna á skyldleikatengslum í svo litlu samfélagi ef annað foreldri er ekki þekkt. Mismunandi skoðanir hafa verið uppi um það hvort og hvernig nafnleynd hefur áhrif á fjölda kynfrumugjafa. Hjá viðmælendum nefndarinnar kom fram að aflétting nafnleyndar hefði líklega í för með sér fjölgun eggfrumugjafa en aftur á móti færri sæðisgjafa. Í ljósi þessa mælir heilbrigðis- og trygginganefnd með því að í stað þeirrar eindregnu nafnleyndar sem frumvarpið mælir fyrir um, fái kynfrumugjafi að ráða því hvort nafni hans er haldið leyndu eða ekki.

Varðandi þá reglu, sem sett er fram í b-lið 3. gr. frumvarpsins um að aldur pars verði að teljast eðlilegur til að framkvæma megi tæknifrjógungun, er það álit nefndarinnar að nauðsynlegt sé að setja einhver viðmið um aldur parsins. Í því sambandi bendir nefndin á aldursmörk við ættleiðingu og þau aldursmörk sem nú gilda við tæknifrjógungunir, en samkvæmt þeim má konan ekki vera eldri en 42 ára. Helstu rök, sem færð hafa verið fyrir því að sett séu aldursmörk, eru velferð barnsins á uppvaxtarárum og þau að mjög litill árangur hefur verið af tæknifrjógungunum sem gerðar hafa verið á konum sem eru eldri en 42 ára. Ekki þykir þó rétt að lögfesta ákveðin aldursmörk, heldur fela ráðherra að setja um þau nánari reglur.

Skilningur nefndarinnar er að frumvarpi þessu sé fyrst og fremst ætlað að bregðast við ófrjósemi því er ekki tekið sérstaklega á stöðu samkynhneigðra né einhleypra kvenna.

Loks vill heilbrigðis- og trygginganefnd benda á nauðsyn þess að komið verði á fót fjölskylduráðgjöf þar sem fólk geti leitað upplýsinga um rétt sinn og þör geti fengið hjálp við

að vinna úr þeim andlegu vandamálum sem meðferðin getur haft í för með sér. Auk þess er bent á mikilvægi þess að áfallahjálp sé aðgengileg í þeim tilvikum sem meðferð mistekst eða fósturlát verður í kjölfar meðferðar.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar um málið og lýsir sig samþykka því sem fram kemur í umsögn þessari.

Alþingi, 29. febrúar 1996.

Össur Skarphéðinsson, formaður.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur Hallvarðsson.

Sólveig Pétursdóttir.